



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 8. mars 2021

Efni: Frumvarp til laga um fjarskiptastofu, 506. Mál og frumvarp til laga um breytingar á lögum um póstpjónustu og lögum um Byggðastofnun, 534. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar ofangreind frumvörp saman vegna þess hve málin eru tengd.

Í fyrsta lagi er um að ræða ný lög um Fjarskiptastofu og við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003. Samtökin hafa áður skilað umsögnum um áform um framvarpið og drög að frumvarpi þegar það var á Samráðsgáttinni og vísa til þeirra umsagna en vilja leggja áherslu á neðangreint.

Lækkun rekstrargjalds

Samtökin taka undir með umsögn Sýnar hf. um að tilefni sé til að lækkunar rekstrargjalds þar sem gjaldinu sé ekki lengur ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar á sviði netöryggismála. Telja samtökin að rétt sé að lækka gjaldið úr 0,38% í 0,3% og færa gjaldið í sama horf og það var í fyrir setningu laga nr. 62/2012 þegar gjaldið var hækkað við stofnun öryggis- og viðbragðsteymis vegna netöryggismála. Með lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa nr. 78/2019 var eftirlitslutverk Póst- og fjarskiptastofnunar útvíkkað og var hlutverk starfandi netöryggissveitar styrkt með talsverðri fjárveitingu sem átti að standa straum af kostnaði við innleiðingu laganna. Af því má leiða að rekstrargjaldinu sé ekki lengur ætlað að standa straum af netöryggismálum og að rétt sé að lækka gjaldið til fyrra horfs.

Einföldun á stofnanaumhverfi - Sameining stofnana

Samtökin bentu á í umsögnum sínum að umfang eftirlitsstofnana hins opinbera hefur vaxið gríðarlega á síðustu árum en útgjöld þeirra hafa aukist um 7 ma. kr. frá árinu 2010. Samtökin leggja áherslu á að hagræða í opinberum rekstri og að leitast verði við að draga úr útgjöldum eftirlitsstofnana. Því til viðbótar telja samtökin nauðsynlegt að auka skilvirkni í eftirliti og draga úr hættu á tvöföldu eftirliti. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til umsagnar samtakanna en þar segir að ekki sé talið heppilegt að leggja til sameiningu þessara stofnana að svo stöddu og að ráðstöfunin hafi í raun ekki litið út fyrir að reynast fjárhagslega hagkvæm þegar greining Capacent var unnin árið 2015. Samtökin gagnrýna að ekki hafi ekki verið greint með fullnægjandi hætti hvort það gæti verið fýsilegur kostur að sameina stofnanirnar.

Að mati samtakanna er brýnt að unnin verði ítarleg greining á þeim möguleika að einhver fyrirhuguð verkefni Fjarskiptastofu geti átt heima annars staðar áður en frumvarpið verður samþykkt í núverandi mynd. Í því sambandi hlýtur það að teljast álitlegur kostur að flytja mörg verkefni til Samkeppniseftirlitsins. Verkefni stofnananna skarast að mörgu leyti og með



sameiningu verður mögulegt að straumlínulaga og hagræða í rekstri beggja stofnana. Telja samtökin að tryggja verði að stofnunin sinni ekki eftirliti sem tilheyrir öðrum stofnunum.

Samkvæmt frumvarpinu munu mörg verkefni Fjarskiptastofu lúta að svokölluðu ex-ante eftirliti, sem horfir fram í tímann og byggist á markaðsgreiningum og álagningu kvaða. Eftirlit Samkeppniseftirlitsins er í meginatriðum ex-post eftirlit sem tekur á tilvikum sem þegar hafa átt sér stað og einstökum brotum sem byggjast aðallega á kvörtunum um tiltekin brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið framkvæmir jafnframt markaðsgreiningar á einstökum mörkuðum sem byggjast á frumkvæði Samkeppniseftirlitsins. Það er hins vegar ljóst að Samkeppniseftirlitið framkvæmir jafnframt markaðsgreiningar á einstökum mörkuðum sem byggjast ekki á ex-post eftirliti heldur á frumkvæði Samkeppniseftirlitsins, með vísan til heimildar í c-lið 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga nr. 55/2005. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins ver stofnunin 2/3 hluta tíma sem til ráðstöfunar er til eftirlits með fjórum mörkuðum, þ.e. fjármálaþjónustu, dagvörumarkaði, fjarskiptum og samgöngu- og ferðamálum. Samkeppniseftirlitið hefur framkvæmt markaðsgreiningar á þremur af þessum fjórum mörkuðum, þ.e. á sviði fjármálaþjónustu, nýleg greining á markaði fyrir fjárhagskerfi og greining á olíumarkaðnum sem tengist dagvöru og samgöngum. Það blasir við að Samkeppniseftirlitið telji sig jafnframt hafa heimild til að framkvæma markaðsgreiningu á fjarskiptamarkaði, líkt og ráðgert er í 10. gr. og 15. gr. frumvarpsins að Fjarskiptastofa geri. Er því hér um að ræða skýrt dæmi um skörun á verkefnum stofnananna.

Í þessu samhengi má vísa til greinar Frederic Jenny frá árinu 2016,^[1] prófessors í hagfræði hjá ESSEC viðskiptaháskólanum í París og formanns samkeppnismálanefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD Competition Committee). Í greininni fjallar hann um kosti og galla þess að sameina samkeppniseftirlit, neytendaeftirlit og eftirlit með einstökum sviðum atvinnulífsins, t.d. fjarskiptum, fjölmiðlum, orkumálum o.fl. Hann kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að hagkvæmni hljótist einkum af almennt sameiningu samkeppniseftirlits og eftirlits með samkeppni í ákveðnum geirum í litlum löndum með takmarkaðan mannauð. Ísland er því gott dæmi um ríki þar sem ráðast ætti í slíka sameiningu. Enn sterkari rök hníga að sameiningu stofnana þegar um er að ræða svið atvinnulífs þar sem virk samkeppni er þegar komin á, t.d. á fjarskiptamarkaði. Þá er að mörgu leyti óþarft að hafa sértækar reglur og eftirlit með ákveðnum sviðum heldur eiga almennar samkeppnisreglur við.

Niðurstaða fýsileikagreiningar Capacent um m.a. sameiningu Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar, árið 2015 var sú að töluverður ávinningur hljótist af sameiningu, þ. á m. bæði fjárhagslegur og faglegur ávinningur.^[2] Samtökin gagnrýna að ekki hafi verið metið með fullnægjandi hætti hvort forsendur greiningarinnar frá 2015 hafi breyst en ef niðurstaðan er sú sama er mikilvægt að horft verði til hennar í stað þess að fela nýrri ríkisstofnun verkefni sem þegar er sinnt annarsstaðar.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um pósthjónustu og lögum um Byggðastofnun (flutningur póstmála) 534. mál.

Varðandi flutning póstmála til Byggðarstofnunar þá eru samtökin jákvæð fyrir flutningi eftirlits með póststarfsemi og annarra þátta starfseminnar til Byggðastofnunar. Samtökin telja það samhljóma þeim markmiðum sem stefnt yrði að með sameiningu Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Yrði sameining Póst- og fjarskiptastofnunar og

[1] Sjá hér: https://papers.ssrn.com/sol3/papers.cfm?abstract_id=2894893

[2] Sjá hér: <https://www.stiornarradid.is/media/atvinnuvegaradunevti-media/media/acrobat/capacent-2015-fvsileikagreining-se-pfs.pdf>



Samkeppniseftirlitsins að veruleika þyrfti það ekki að koma í veg fyrir að eftirlit með pósthöfundum og jafnvel öðrum þáttum starfseminnar yrði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig væri hægt að ná fram æskilegri hagræðingu í ríkisrekstri en á sama tíma fjölga störfum á landsbyggðinni.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in black ink, reading 'Heiðrún B. Gísladóttir'.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Steinunn Pálmadóttir'.

Heiðrún Björk Gísladóttir,

Steinunn Pálmadóttir.